



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. desember 2011

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2012

- Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 75 ma.kr. árið 2012
- Áætlað er að hrein útgáfa innlendra ríkisbréfa og ríkisvixla nemi 8 ma.kr.
- Áætlað er að hrein innlend lánsfjármögnun verði neikvæð sem nemur 2 ma.kr.
- Útgáfa er fyrirhuguð á nýjum flokki 2 ára óverðtryggðra ríkisbréfa.
- Stefnt er að því að lækka stöðu ríkisvixla um 14 ma.kr.
- Stefnt er að innborgun að fjárhæð 10 ma.kr. á skuldabréf sem gefið var út til endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands
- Í apríl er erlend skuldabréfaútgáfa að fjárhæð 164 m. evra á gjalddaga, sem þegar er búið að endurfjármagna. Ef markaðsaðstæður á erlendum mörkuðum verða metnar slíkar mun ríkissjóður leita tækifæra til útgáfu. Lánsfjárhæð verður þá nýtt til endurfjármögnunar lána sem falla í gjalddaga á næstu árum.

Inngangur

Áætluð innlend lánsfjárförf ríkissjóðs árið 2012 nemur 100 ma.kr. (sjá töflu). Lánsfjárförf verður mætt með útgáfu ríkisbréfa að fjárhæð 75 ma.kr. og með lækun innstæðna ríkissjóðs í Seðlabankanum að fjárhæð 25 ma.kr. Áætlað er að hrein útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla nemi 8 ma.kr. en hrein innlend lántaka verði neikvæð sem nemur 2 ma.kr.

Hrein innlend lánsfjárförf nemur 23 ma.kr. Á árinu fellur í gjalddaga einn flokkur ríkisbréfa að fjárhæð 49 ma.kr. Stefnt er að því að lækka stöðu ríkisvixla um 14 ma.kr. Þá verður varið 10 ma.kr. til lækkunar höfuðstóls skuldabréfs sem ríkissjóður gaf út til endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands og fellur í gjalddaga árið 2014.

Hrein innlend lánsfjárförf	23
Afborganir	
Markaðsbréf og önnur lán	53
Skuldabréf til endurfjármögnunar SÍ	10
Lækkun ríkisvixla	14
Afborganir samtals	<u>77</u>
Heildar innlend lánsfjárförf	100



LÁNAMÁL RÍKISINS

Útgáfuáætlanir fyrir hvern ársfjórðung verða birtar síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum koma fram upplýsingar um áætlaða útgáfu, þá skuldabréfaflokka sem verða í boði og áætlað útgáfumagn hvers flokks að hámarki. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2012 verður birt föstudaginn 30. desember nk.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins 2011-2014 var birt í upphafi ársins. Stefnan endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Uppbygging markflokka ríkisbréfa miðar að því að hver flokkur verði nægilega stór til að tryggja virka verðmyndun á eftirmarkaði. Árlega verða gefnir út 2, 5 og 10 ára markflokkar ríkisbréfa. Útgáfa á verðtryggðum og lengri óverðtryggðum ríkisbréfum verður óregluleg og tekur mið af lánsfjárbörf ríkissjóðs. Til að draga úr endurfjármögnunaráhættu er stefnt að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur. Þá er stefnt að því að meðallánstími verði a.m.k. 4 ár.

Lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum eru tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Stefnt er að reglulegri útgáfu markaðsskuldabréfa ríkissjóðs á alþjóðlegum mörkuðum og höfða skal til fjölbreytts hóps fjárfesta.

Uppfærð stefna í lánamálum ríkisins fyrir árin 2012-2015 verður birt á fyrsta ársfjórðungi 2012. Sú breyting verður á markmiði um endanlega stærð útgáfuflokka ríkisbréfa að þegar flokkur verður eingöngu gefinn út til 2 ára verði endanleg stærð að lágmarki 15 ma.kr. Að öðru leyti er markmið um endanlega stærð flokka ríkisbréfa óbreytt, þ.e. 40-100 ma.kr.

Útgáfa á árinu 2011

Útgáfa ríkisverðbréfa á árinu 2011 gekk vel og náðust helstu markmið. Í upphafi árs var tilkynnt um 120 ma.kr útgáfu á ríkisbréfum. Ákveðið var að gefa út nýja 10 og 20 ára óverðtryggða flokka. Þann 25. mars var tilkynnt um breytingu í útgáfumálum samhliða áætlun um losun gjaldeyrishafta. Ákveðið var að gefa út nýjan verðtryggðan flokk ríkisbréfa með lokagjalddaga árið 2030 sem eigendur gjaldeyris áttu kost á að kaupa. Af því tilefni var ákveðið að draga úr útgáfu ríkisvixla og ríkisbréfa um samsvarandi fjárhæð og næmi söluandvirði hins nýja flokks. Sala í þessum nýja flokki nam um 46 ma.kr. á árinu 2011, en þar af voru um 32 ma.kr. vegna skipta á ríkisbréfum við Íbúðalánasjóð.

Árið 2011 gaf ríkissjóður út ríkisbréf með útboðsfyrirkomulagi fyrir 113 ma.kr. að nafnvirði, þar af verðtryggð bréf fyrir 10 ma.kr. Til viðbótar seldi ríkissjóður bréf í tengslum við afnám gjaldeyrishafta í flokki RIKS 30 0701 fyrir 14 ma.kr. Mest útgáfa var í flokkunum RIKB 16 1013, um 29 ma.kr., og RIKB 31 0124, um 26 ma.kr.

Undanfarin ár hefur helsta áherslan í lánastýringu verið að lengja og jafna endurgreiðsluferlinn til að draga úr árlegri endurfjármögnunarbörf ríkissjóðs. Áhrifin af þessari stefnu eru orðin vel sýnileg. Þannig var einungis einn flokkur ríkisbréfa á gjalddaga á árinu, að fjárhæð 53 ma.kr.,



LÁNAMÁL RÍKISINS

samanborið við tvo flokka árið áður að fjárhæð 130 ma.kr. Meðallánstími innlenda lánasafnsins lengdist á árinu 2011 úr 6,25 árum í 6,90 ár. Til samanburðar var meðallánstíminn 2,5 ár árið 2008.

Á erlendum mörkuðum gaf ríkissjóður út skuldabréf til 5 ára að fjárhæð 1 ma. Bandaríkjadala. Fjárfestar sýndu útgáfunni mikinn áhuga og nam eftirspurn um 2 ma. Bandaríkjadala. 85% útgáfunnar var seld til eignastýringarfyrirtækja, tryggingarfélaganna og lífeyrissjóða. Bandarískir fagfjárfestar keyptu hátt í 70% útgáfunnar en evrópskir fjárfestar voru einnig atkvæðamiklir.

Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa

Á árinu 2012 fellur einn flokkur ríkisbréfa í gjalddaga, óverðtryggðri flokkurinn RIKB 12 0824 að fjárhæð 49,3 ma.kr. Gjaldalagi flokksins er 24. ágúst.

Ríkissjóður mun gefa út nýjan 2 ára óverðtryggðan flokk á næsta ári. Flokkarnir RIKB 16 1013 og RIKB 22 1026 verða áfram byggðir upp sem 5 og 10 ára markflokkar. Útgáfa í öðrum flokkum fer eftir markaðsaðstæðum. Miðað er við að endanleg stærð hvers flokks fari ekki yfir 100 ma.kr.

Útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa

Ríkisbréfaflokkurinn RIKS 21 0414 er eini verðtryggðri flokkurinn með viðskiptavakt. Stærð hans er 61 ma.kr. að nafnverði. Möguleiki er á frekari stækkun flokksins en eins og árið 2011 verður aðaláhersla lögð á sölu óverðtryggðra markflokka.

Útgáfa ríkisvixla

Fyrirkomulag útgáfu ríkisvixla verður með svipuðum hætti og árið 2011. Mánaðarlega verður gefinn út nýr 6 mánaða ríkisvixill með möguleika á stækkun eftir 3 mánuði. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi sveigjanleika í vixlaútgáfu til að mæta tímabundnum sveiflum í tekjum og útgjöldum innan ársins. Því er ekki útilokað að vixlar með öðrum tímallengdum verði gefnir út á árinu. Stefnt er að lækka stöðu ríkisvixla árið 2012 úr 59 ma.kr. í 45 ma.kr.

Uppkaup - skiptiútbod

Haldið verður áfram að kaupa úr spariskírteinaflokki RIKS 15 1001 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa en útistandandi fjárhæð er um 26 ma.kr. að markaðsvirði. Áætlanir gera ráð fyrir uppkaupum í flokknum fyrir allt að 1 ma.kr. Flokkurinn er ekki með viðskiptavakt og telst því ekki til markflokka. Eigendum þessara bréfa verður hugsanlega boðið að skipta yfir í útistandandi verðtryggðan markflokk.

Einnig kemur til greina að halda skiptiútbod þar sem eigendum á flokkum ríkisskuldabréfa, sérstaklega RIKB 12 0824 sem fellur í gjalddaga á árinu, verður boðið að skipta yfir í aðra flokka.

Ársfjórðungsáætlun

Í lok hvers ársfjórðungs verður tilkynnt um þá flokka sem verða boðnir út á komandi ársfjórðungi. Ákvörðun um útgáfuflokka og -magn tekur mið af markaðsaðstæðum. Ef breytingar verða gerðar á ársáætlun þá verða þær kynntar á sama tíma og ársfjórðungsáætlanir.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands var 128 ma.kr. um síðustu mánaðamót, sem endurspeglar sterka lausafjárstöðu. Um 25 ma.kr. verður varið til að mæta fjármögnunarpörf ríkissjóðs árið 2012.

Lánahreyfingar

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaða hreina útgáfu ríkissjóðs á innlendum markaði árið 2012 og áætlaða hreina lántöku innanlands á sama tímabili. Hún endurspeglar álag sem ríkissjóður veldur á innlendum skuldabréfamarkaði. Til samanburðar var sambærileg fjárhæð um 54 ma.kr. fyrir árið 2011.

Útgáfa ríkisbréfa	75
Lækkun stöðu ríkisvixla	-14
Samtals útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla	61
Innlausn ríkisbréfa og afborganir annarra lána	53
Inngreiðsla á skuldbréf til endurfjármögnunar SÍ	10
Afborganir samtals	63
Hrein innlend lánsfjármögnun	-2
Hrein útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla á markaði	8

Erlend lán

Á árinu 2012 er ein erlend skuldabréfaútgáfa á gjalddaga að andvirði 164 m. evra. Útgáfan var upphaflega að fjárhæð 250 m. evra en hluti hennar var keyptur til baka árin 2010 og 2011. Útgáfa ríkissjóðs í júní 2011 að fjárhæð 1 ma. Bandaríkjadala mætir m.a. þessum gjalddaga. Endurfjármögnunarpörf ríkissjóðs vegna erlendra lána er lítil á komandi árum. Í samræmi við stefnu í lánamálum verður þó stefnt að reglulegum útgáfum á alþjóðlegum mörkuðum á næstu árum. Á árinu 2012 verður því leitað tækifæra til útgáfu ef markaðsaðstæður verða metnar slíkar. Lánsfjárhæð verður þá nýtt til endurfjármögnunar lána sem falla í gjalddaga á komandi árum.

Í áætlun stjórnvalda og Seðlabanka Íslands um losun gjaldeyrishafta, sem birt var 25. mars sl., er nefnt að meðal mögulegra aðgerða í fyrri áfanga áætlunarinnar sé að bjóða eigendum aflandskróna að binda þær í langtímaskuldbréfi ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli. Ef til þessarar aðgerðar kemur árið 2012 verður það tilkynnt sérstaklega.

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin á ákveðnum dögum samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Tvisvar í mánuði verða boðin út ríkisbréf og einu sinni í mánuði ríkisvixlar og eru þessir dagar merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðurnar lanamal.is og bonds.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Aðalmiðlarar

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki

Íslandsbanki

Landsbankinn

MP banki

Straumur fjárfestingabanki

Frekari upplýsingar veita Ingvar H. Ragnarsson í fjármálaráðuneytinu í síma 545 9200 og Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.